

Ed.

263. Nefndarálit

[142. mál]

um frv. til laga um lausn kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátalotanum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd deildarinnar hefur rætt frumvarp það, sem hér liggur fyrir, og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Eins og nú er komið, eru það smámunir, sem á milli ber. Þess hefði því átt að vera kostur að leysa þessa kjaradeilu með samningum, ef rétt hefði verið á haldið, en það hefur þó ekki tekizt, að því er varðar deilu yfirmanna á bátalotanum og útvegsmanna. Það er augljós þjóðarnauðsyn að koma bátalotanum af stað, og viljum við því eigi standa á vegi fyrir, að verkfallið verði leyst, úr því sem komið er, með þeim hætti, sem frumvarp það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir. Á hinn bóginn teljum við eðlilegt, að stjórnarflokkarnir beri einir ábyrgð á þessari lagasetningu. Við teljum, að deila þessi sé að verulegu leyti sprottin af fyrri aðgerðum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum.

Við höfum ekki átt þess kost að kynna okkur málamiðlunartillögu sáttasemjara til neinnar hlitar í einstökum atriðum.

Við munum því sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. febr. 1969.

Bjarni Guðbjörnsson, Ólafur Jóhannesson.
frsm.